

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 13. febrúar 2020: Fyrirspurn Flokks fólksins um biðlista í námskeið fyrir börn og foreldra á vegum Keðjunnar/Þjónustumiðstöðvar.

Í framhaldi af tillögu Flokks fólksins um úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árasargirni og ofbeldi vill Flokkur fólksins setja fram nokkrar fyrirspurnir. Tillögunni var hafnað af Ofbeldisvarnarnefnd á fundi 16. desember 2019 á þeim forsendum að verið væri „að setja á fót stofnun um miðlæga þjónustu sem mætti þessari þörf“. Flokkur fólksins vill vekja athygli á löngum biðlista eftir þjónustu við foreldra sem þurfa ráðgjöf verið óheyrilega langur. Foreldrar sem þurfa aðstoð við uppeldis barna sinna eiga aldrei að þurfa að bíða. Námskeið í PMTO er það sem hjálpar foreldrum hvað mest en margir hafa þurft að bíða svo vikum skipti. Biðlistarvandinn virðist vera viðvarandi vandi í borginni þegar kemur að börnum. Börn þurfa að bíða í langan tíma, allt að ár eftir margs konar þjónustu. Vitað er til að það er biðlisti einnig í ýmis konar önnur námskeið á vegum þjónustumiðstöðva. Óskað er eftir að fá ítarlega stöðu biðlista sundurliðaðan eftir hverfum í þau námskeið sem þjónustumiðstöðvar bjóða börnum og foreldrum þeirra upp á:1. PMTO foreldranámskeið 2. Fjörkálfar 3. Mér líður eins og ég hugsa – unglingar 4. Klókir krakkar 5. Klókir litlir krakkar